

Ed. **262. Breytingartillögur** [134. mál]

við frv. til l. um breyt. á lögum nr. 4 20. febr. 1960, um efnahagsmál.

Frá Alfreð Gíslasyni.

Á eftir 1. gr. komi tvær nýjar greinar, svo hljóðandi:

1. (2. gr.) 31. gr. laganna orðist svo:
Frá 1. janúar 1961 skulu allir útlánsvextir lækka um 2% frá því, sem þeir voru meginhluta árs 1960.
2. (3. gr.) 32. gr. laganna orðist svo:
Frá 1. janúar 1961 skulu vextir af afurðavíxlum framleiðsluatvinnuveganna eigi vera hærri en 4% fyrstu 6 mánuði, en ½% hærri, ef framlengdir eru. Seðlabankinn skal skyldur að endurkaupa víxla vegna afurðalána, sem nemur 67% af áætluðu útflutningsverðmæti framleiðslunnar. Vextir seðlabankans af slíkum lánum skulu eigi vera hærri en 2%.